

## Samantekt lögmannna íslenska ríkisins vegna endurskoðunar kröfulýsinga á svæði 12

Kröfulýsingar fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins voru teknar til gagn Gerrar endurskoðunar samhliða þeirri vinnu sem fólst í því að afmarka svæði 12 betur með tilliti til heimilda um stórstraumsfjöru. Fyrir liggja nú endurskoðaðar kröfur um þjóðlendur á svæði 12 (eyjar og sker).

Samhliða framlagningu endurskoðaðra kröfulýsinga er ný kortasjá gerð aðgengileg öllum aðilum máls. Kortasjái hefur að geyma upplýsingar um fjöruborð sem unnar eru eftir bestu heimildum hverju sinni, m.a. úr loftmyndum. Alla jafna liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar um afmörkun stórstraumsfjöruborðs og kortasjái sýnir þannig einungis fjöruborð á hverjum stað eins og það var á þeim tíma sem hver loftmynd var tekin, en ekki liggur fyrir hvort það hafi verið á stórstraumsfjöru. Það er því einungis hægt að leggja til grundvallar að fjara nái a.m.k. þangað sem kortasjái sýnir, en ekki er útilokað að fjara nái lengra á stórstraumsfjöru.

Við endurskoðun krafna var litið til eftirfarandi forsendna:

- i. Allt landsvæði innan ystu marka stórstraumsfjöruborðs meginlandsins telst vera utan svæðis 12 og þar með utan kröfulýsingar íslenska ríkisins.
- ii. Sömu sjónarmið voru lögð til grundvallar varðandi stórstraumsfjöruborð eyja sem teljast til eignarlanda, þ.e. allt landsvæði innan ystu marka stórstraumsfjöruborðs heimaeyju telst hluti heimaeyjunnar.
- iii. Lagt var til grundvallar að beinn eignarréttur sjávarjarða nái til netlaga, þ.e. svæðis sem afmarkast af 115 m frá stórstraumsfjöruborði, þ. á m. til landsvæða innan netlaga. Á þetta bæði við um netlög frá meginlandinu og frá eyjum sem teljast til eignarlanda (heimaeyja).
- iv. Hið sama var lagt til grundvallar varðandi landsvæði innan netlagakeðju, en tekin var sérstök afstaða til takmarkatilvika þar að lútandi.
- v. Í vafatilvikum var litið til takmarkaðra upplýsinga um stórstraumsfjöruborð og landeigendur látnir njóta vafans þegar litlu munaði á einstökum svæðum.

Hvað varðar kröfusvæðið í heild sinni, hefur lýstum kröfum í landfræðilegar einingar ofan sjávar fækkað úr rétt tæplega 2000 í rétt rúmlega 1000.

Af þessum tölum má ráða hversu mikilvægt og í reynd nauðsynlegt var að ráðast í þá vinnu að leitast við að afmarka stórstraumsfjöruborð og þannig samhliða að afmarka svæði 12 með skýrari hætti en upphaflega var lagt af stað með.

okt. 2024

EA/AA